

Sigríður Hrönn Pálmadóttir mætti fyrir hönd Landsbyggðin lífi á ráðstefnu um aðlögun flóttamanna sem haldin var í Kaupmannahöfn 20. nóvember 2018. Hér kemur greinagerð sem hún skrifaði eftir ráðstefnuna. Mjög athyglisverðar niðurstöður sem koma fram hér.

-----

Ráðstefna um aðlögun flóttamanna

Integrationskonference

Þann 20. nóvember 2018 var haldin ráðstefna í Kaupmannahöfn á vegum Nordisk Ministerråd.

Ráðstefnan var um flóttamenn í Skandinavíu og hvernig þeim tekst að plumma sig í nýju samfélagi og hvað ríkið gerir til að hjálpa þeim.

Dagfinn Høybråten, framkvæmdarstjóri Nordisk Ministerråd opnaði rástefnuna og tók það fram hvað við værum heppin, þar sem að það væri mjög margir sérfræðingar í þessum málum sem voru mættir til leiks og tilbúnir í pallborðsumræður.

Sá fyrsti sem tók til máls var Jan Tore Sanner frá Noregi og er hann ráðherra sem sér um þekkingu og innflytjendamál. Að hans mati þá gengur Noregi frekar vel að fá flóttamenn til að koma sér inn í samfélagið, hann gaf Noregi einkunnina 5 af 10, og stefnir hærra á næstu árum. Noregur byrjar á því að koma flóttamönnum í tungumálaskóla, svo í skóla og að lokum í vinnu. Þeir redda þeim húsnæði og reyna að dreifa þeim aðeins svo að það myndist ekki innflytjendahverfi.

Um 80% þeirra sem fá húsnæði fyrir utan Osló, ákveða að vera þar þannig að einungis 20% flóttamanna vill búa í Osló. Um 60% flóttamanna eiganst sitt eigið húsnæði, sem er mjög hátt hlutfall.

Jan segir að þeir vilji setja upp strangari reglur hvað konur varðar, þær verða oft útundan heima hjá sér og hann vill koma þeim líka út á vinnumarkaðinn. Einnig setja aukna áherslu á konur og ómenntuð börn, og kenna foreldrum hvað er ætlast til af þeim í norsku samfélagi, líkt og bólusetningar, tannumhirða og félagsmál.

Næstur til máls var Lars Larsen frá Danmörku og vinnur hjá LG Insight, sem er samvinna hjá 27 kommúnum í víðast hvar í Danmörku. 2016 var sett upp regla að þegar að það eru komnar 4 vikur síðan að flóttamenn voru búnir að koma sér fyrir á heimilinum sínum þá myndu þeir fá atvinnutilboð. Einn þriðji af flóttamönnum hætta í dönsku námi eftir að hafa verið í 6 mánuði í vinnu. Danir, líkt og Norðmenn eru að rembast við að koma konum út á vinnumarkaðinn. Fyrsta árið þeirra í landinu fá um 38% kvenna atvinnutilboð og á öðru ári er það 20%, en þessar tölur eiga við um konur sem eru í The Intergration Program. Veikindi og fæðingarorlof hafa líka mikil áhrif á þessar tölur. En Lars vill meina að það sé búið að eyða of miklum tíma og vinnu í að reyna að koma flóttamannakonum inn á vinnumarkaðinn.

Linus Liljeberg er rannsóknarmaður við vinnumarkaðsdeild og menntunarmál í Svíþjóð. Hans mat er að Svíum gengur ekki vel að fá flóttamenn inn á vinnumarkaðinn né að blanda þeim inn í samfélagið. Vandamálið er líka vinnuveitendurnir, þeir eru mun líklegri til að velja Svía fram yfir flóttamenn.

Svíþjóð hefur komið upp verkefni sem heitir Fasttracking og þar eru þeir að koma flóttamönnum í vinnur sem er byggð á reynslu þeirra úr þeirra heimalandi eins fjótt og hægt er. En vinnan sem er í boði er þar sem að eftirspurnin er mest; umönnunarstörf á spítölum og elliheimilum.

Svíþjóð er bókstaflega að drukkna í innflytjendum og geta ekki lengur spáð fyrir um framtíðina hvað hagkerfið þeirra þolir mikið.

Trygve Ugland kemur frá Noregi en er búinn að búa í Kanada í 20 ár og er prófessor við Bishop's University í Quebec. Hann er búinn að vera að rannsaka flóttamanna- og innflytjendamál í mörg ár. Í Kanada eru tvær leiðir fyrir flóttamenn til að komast inn í landið. Annarvegjar er það á styrkjum í gegnum ríkið, en hinsvegjar með perónulegum styrkjum. Þeir sem koma inn á vegum ríkisins fá bætur í eitt ár á meðan þeir eru að koma undir sig fótunum og fá líka frítt háskólanám. Svo eru þessir sem koma inn á persónulegum styrkjum; Privat Sponsored Refugees. Fólk sem tekur þátt í þessu verkefni verður að vera búíð að safna sér nægum pening sem á að framfleyta flóttamanni sem þau kjósa sjálf að styrkja, í eitt ár. Þau taka persónulega á móti flóttamanninum, fara með honum í viðeigandi stofnun til að fá kenntölu, fara með honum í bankann til að opna reikning, fara með honum að sækja um skóla og mörgum tilfellum búa flóttamennirnir heima hjá þessu fólki til að byrja með og oft endar þetta með því að flóttamaðurinn er orðinn einn af fjölskyldunni.

Noregur, Svíþjóð og Danmörk eru öll í samvinnu um hvernig best er að tækla flóttamannamálin og hefur Bretland nýlega bæst við í hópinn. Þetta samstarf er nauðsynlegt, sérstaklega þar sem að gildin í hverju samfélagi fyrir sig eru einstaklega lík og þá eru allir að vinna að sama markmiði.

Allir sem áttu orð í pontu voru frekar jákvæðir um framtíðana og eru sammála um að þetta samstarf sé að gera góða hluti og eigi bara eftir að þróast upp á við.

Hér er listi yfir þá sem lögðu til máls:

- Dagfinn Høbråten, generalsekretær í Nordisk Ministerråd
- Morten Hyllegaard (DK), partner í Udviklingsbureauet BETA
- Jan Tore Sanner (NO), Kunnskaps- og intergreringminister í Norge
- Lars Larsen (DK), direktør í LG Insight
- Linus Liljeberg (SE), forsker ved Institutt for arbeidsmarkeds- og uddannelsespolitisk evaluering (IFAU)

- Jan Rose Skaksen (DK), forskningschef i Rockwoolfonden
- Grete Brochmann (NO), professor ved Universitetet i Oslo
- Karen Nielsen Breidahl (DK), lektor ved Universitetet i Aalborg
- Vebjørn Aalandslid (NO), forsker ved Statistisk Sentralbyrå i Norge
- Trygve Ugland (CA), professor ved Bishop's University, Quebec, Canada
- Sandra Gentin, Ph.d., landskabsforvalter og studieadjunkt ved Københavns Universitet
- Maria Kavita Nielsen (DK), dirketør i Mind Your Own Business
- Aydin Soei (DK), sociology og forfatter
- Manager Christine Lunde Rasmussen og Senior Consultant Iben Villumsen